

Alþingi
Erindi nr. P 135/1543
komudagur 25. 2. 2008 14.02.08

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun samanber bréf Samgöngunefndar Alþingis frá 17. janúar sl.

Lög um samræmda samgönguáætlun samgangna í lofti, láði og legi var upphaflega samþykkt á Alþingi 29. apríl 2002. Í flestu tilliti má segja að sú lagasetning hafi verið til mikilla framfara, þar sem með þeim var í fyrsta skipti litið með samræmdum hætti til áætlanagerðar allra þátta samgöngukerfisins og innbyrðis samspíls þeirra.


Ekki er gert ráð fyrir í hinu nýja frumvarpi að breyta meginmarkmiðum og þeim tilgangi sem lá að baki setningu gildandi laga. Hér virðist einungis verið að slípa af helstu vankanta sem fram hafa komið við framkvæmd gildandi laga og taka tillit til breytinga í rekstrarformi stofnana eins og þess að Flugmálastjórn hefur verið breytt í opinbert hlutafélag Flugstoðir ohf.

Í 4. gr. laganna er fjallað um samgönguráð og hverjir skulu sitja fundi þess. Orðalag greinarinnar er almennara en áður var og telur undirritaður að skýra þurfi betur hverjir skuli vera á fundum ráðsins á hverjum tíma. Sérstaklega er hér átt við það að skýrt sé að framkvæmdastjóri Flugstoða ohf. skuli sitja alla fundi ráðsins. Þá er dregið í efa að nauðsynlegt sé að forstóri Umferðastofu sitji fundina, nær væri að skilgreina þessa stofnun undir vegagerðinni og láta nægja að vegamálastjóri sæti fundina fyrir samgöngur á landi.

Að lokum skal svo rétt minnt á það að við gerð samgönguáætlunar skal byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar, auk þess sem þær skulu stuðla að jákvæðri byggðaðróun í landinu.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum




Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri
Vopnafirði.

VOPNAFJARDAR
HREPPUR



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI

VOPNAFJARDAR
HREPPUR



HAMRAHLÍÐ 15
690 VOPNAFJÖRDUR
SÍMI 473 1300
MYNDSENDIR 473 1196